



FJÖLMIÐLANEFND

21. október 2021
Ákvörðun nr. 2/2021

Dulin viðskiptaboð og hlutfall viðskiptaboða innan klukkustundar í þáttunum *Einfalt að eldast* og *Allt annað líf á Hringbraut*

I. Málsvik

1.

Fjölmiðlanefnd barst ábending þann 11. febrúar 2021, vegna ætlaðra brota Hringbrautar-Fjölmiðla ehf. (hér eftir Hringbraut-Fjölmiðlar) á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) með sýningum á þættinum *Einfalt að eldast* á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, þann 22. október 2019, en í þættinum var fjallað um íslenska leigumiðlun á Spáni.

Í ábendingunni til Fjölmiðlanefndar sagði meðal annars:

Í raun er alls ekki um hefðbundna þáttagerð að ræða, heldur kostaða auglýsingu. Þykir mér þetta alvarlegt og sérstaklega í ljósi þess að auglýsingunni er m.a. beint að eldra fólki á Íslandi. Í þessum „þætti“ reynir Hringbraut undir fölsku flaggi að freista þessa þjóðfélagshóps til að fjárfesta ævisparnaðinum í fasteignir á Spáni. Í þættinum sem er, eins og áður segir, frekar auglýsing er m.a. fjallað um að fasteignasalan bjóði eignirnar á einstaklega góðum kjörum. Svo langt er gengið í umfjölluninni að á einum stað er sérstaklega fjallað um klósett og salernisaðstaðan sögð einstaklega góð. En fyrst og fremst er tíundað í umfjölluninni að gott sé fyrir eldri borgara að fjárfesta í fasteign á Spáni með aðstoð Euromania. Einnig eru skilaboð til þessara eldri áhorfenda að skynsamlegt sé fyrir Íslendinga að nýta sér þjónustu Euromania til að kaupa fasteign á Spáni. Það skal ítrekað að ekki kemur fram í þættinum að um kostaða auglýsingu sé að ræða.

Af ábendingunni mátti ráða að umfjöllun Hringbrautar væri talin fela í sér brot gegn ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem fjallar um bann við duldum viðskiptaboðum.

Með ábendingunni fylgdi afrit af skjali með yfirskriftinni *Euromarina – þjónusta við eldri borgara*. Skjalið virtist vera tilboð Hringbrautar-Fjölmiðla til fyrirtækisins Olav-forum ehf., kt. 670976-0419, vegna fyrirhugaðrar þáttagerðar. Á skjalinu kom fram að tiltekinn starfsmaður Hringbrautar myndi verða sögumaður þátta, taka viðtöl og vinna handrit með fulltrúa fyrirtækisins áður en haldið yrði af stað og að þættirnir yrðu eign fyrirtækisins eftir sýningar þeirra á Hringbraut. Kostnaður við þáttagerðina, gerð styttri kynninga vegna hennar, og sýningu þáttar og kynninga/auglýsinga á Hringbraut, var tiltekinn [...]¹ kr. auk vsk. Skjalið var undirritað af Guðmundi Jóhannssyni, þáverandi sjónvarpsstjóra Hringbrautar og núverandi framkvæmdastjóra sölu-, markaðs- og dagskrárviðs Torgs ehf.

2.

Skömmu síðar eða 16. febrúar 2021 barst Fjölmiðlanefnd önnur ábending frá sama aðila vegna ætlaðra brota Hringbrautar-Fjölmiðla á lögum um fjölmiðla, vegna sýninga á tveimur sjónvarpsþáttum, *Allt annað líf*, sem sýndir voru á Hringbraut 10. og 17. mars 2020, en í þáttunum var fjallað um lýta- og magaminnkunaraðgerðir í Póllandi.

Í ábendingunni til Fjölmiðlanefndar sagði meðal annars:

Þættirnir eru settir upp sem saga einstaklinga og rauna þeirra, þegar í raun að þetta snýst eingöngu um að selja sem mest fyrir Hei medical travel og skila sem mestum krónum í kassann hjá umræddum fyrirtækjum. Meira að segja á sek. 58 í þætti 2 má sjá auglýsingaborða renna inn í útsendinguna með kontakt upplýsingum Hei travel svo að þú getir nú bókað strax lækniáðgerð, með einföldum hætti.

Af ábendingunni mátti ráða að umfjöllun Hringbrautar væri talin fela í sér brot gegn ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem fjallar bann við duldum viðskiptaboðum.

Með ábendingunni fylgdi afrit af skjali með yfirskriftinni *Samningur um þáttagerð og sýningar hans* sem virtist vera samningur Hringbrautar-Fjölmiðla við fyrirtækið HEI – Medical Travel vegna fyrirhugaðrar þáttagerðar, dagsettur 25. október 2019. Á skjalinu kom m.a. fram að ritstjórn verði í höndum tiltekins starfsmanns Hringbrautar, sem einnig væri ábyrgðarmaður við upptökur þeirra og eftirvinnslu. Fulltrúar HEI fái að forskoða þættina fyrir frumsýningu á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, minnst viku fyrir frumsýningardag. HEI eignist allt hráefni við upptökur þáttanna, fullunna þætti og klippur úr þeim en einnig standi til boða auglýsingagerð úr efni þeirra, unnin af Hringbraut. Í samningnum stóð jafnframt að HEI styrki sjónvarpsstöðina Hringbraut um allt að [...] kr. fyrir umrædda þáttagerð og skuli greiðslur skiptast í tvennt. Þá

¹ Trúnaðar verður gætt um fjárhagslegar upplýsingar og upplýsingar um fjárhæðir fjarlægðar fyrir birtingu ákvörðunar Fjölmiðlanefndar.

annist HEI ferðakostnað umsjónarmanns og myndatökumanns, gistikostnað og uppihald meðan á upptökum á tökustað standi. Skjalið var undirritað af Sigmundi Erni Rúnarssyni f.h. Hringbrautar og Guðjóni Sigurbjartssyni f.h. HEI.

3. Efnistöð sjónvarpsþáttarins *Einfalt að eldast*

Í þættinum *Einfalt að eldast*, sem sýndur var á Hringbraut 22. október 2019, er fjallað um íslenska íbúðaleigumiðlun á Spáni. Þátturinn, sem er rúmar 28 mínútur að lengd, hefur verið fjarlægður af vef Hringbrautar en var afhentur Fjölmíðlanefnd 10. mars 2021.

Í þættinum er fjallað um nýjan íbúðakjarna á Hvítu ströndinni, sem er rekinn af íslensku fyrirtæki, Helgafell Rentals, á Spáni. Helgafell er í eigu Olav-forum ehf., sem gerði framangreindan samning við Hringbraut um sýningu þáttanna.

Aðgreining ritstjórnarefnis frá auglýsingum

Í ábendingunni sem barst Fjölmíðlanefnd sagði að þess hefði hvergi verið getið í þættinum að um væri að ræða auglýsingu eða kostað efni. Í þættinum sem afhentur var Fjölmíðlanefnd 10. mars sl. birtist orðið „KYNNING“ fyrir neðan vörumerki Hringbrautar í hægra horni myndrammans og er sýnilegt þar fyrstu sex mínúturnar. Orðið „KYNNING“ birtist í annað sinn síðar í þættinum, þá einnig í sex mínútur. Ekki virðist þó unnt að greina eðlismun á þeim hlutum þáttarins sem eru auðkenndir sem kynningarefni og því myndefni sem ekki er auðkennt sem slíkt.

Auðkennt kynningarefni:

Í fyrri hluta þáttar er hluti myndefnis merktur „KYNNING“. Í þeim hluta er fjallað um hvítu ströndina á Spáni og upplýst að hundruð íbúðakjarna með þúsundum íbúða hafi risið þar á síðustu árum, svo sem á vegum stærsta fasteigna- og verktakafyrirtækisins Euromarina, sem „fari létt með að reisa íbúðapýrpingu, eins og þessa hér, á hálfu öðru ári, með öllu tilheyrandi, sundlaugum og sólbaðsaðstöðu“. Fram kemur að gott sé að leigja sér íbúð á svæðinu áður en ákvörðun um fasteignakaup sé tekin. Leigumöguleikar séu fjölbreyttir og verðið viðráðanlegt. Því næst er tveimur íslenskum konum fylgt eftir þar sem þær virðast íhuga þann kost að leigja íbúð. Þáttastjórnandi upplýsir að íslenskt félag, Olav-forum ehf., reki þar nýtt og glæsilegt íbúðahótel, Helgafell að nafni, með „ýmist tveimur eða þremur svefnherbergjum, og rúmgóðum salernum við hvert þeirra og góðu miðrymi þar sem eldhús og stofa liggja saman“. Fram kemur að íbúðunum fylgi margvísleg þjónusta sem henti rosnu fólki. Konurnar tvær sjást ganga um sýningaríbúð og dást að innréttingum og skipulagi. Sýndar eru myndir af húsinu og nærumhverfi að utan og myndskeið af vefsíðu Helgafells. Því næst er rætt við starfsmann Helgafells um þá leigukosti sem í boði eru, bæði skammtíma- og langtímaleigu. Orðið „KYNNING“ hverfur af skjánum í miðju viðtali við starfsmann Helgafells eða þegar sex mínútur eru liðnar af þættinum.

Efni sem ekki er auðkennt sem kynningarefni:

Áfram er rætt við starfsmann Helgafells um það hversu vel íbúðakjarninn henti þörfum eldra fólks, hvað aðgengi og þjónustu varðar. Fram kemur að Helgafell sé með íslenskan þjónustuaðila sem sé til taks fyrir viðskiptavinum allan sólarhringinn og að panta megi „skutl“ í búðina eða á ströndina gegn vægu gjaldi. Farið er yfir afþreyingarmöguleika sem standa til boða á svæðinu og ítrekað að fólk þurfi ekki að kaupa sér fasteign strax, vilji það flytja til Spánar, heldur geti það leigt húsnæði til að byrja með. Meðan á viðtalinu stendur eru sýndar myndir innan úr íbúðinni og af sundlaug sem tilheyrir íbúðakjarninum. Þá er aftur rætt við konurnar tvær sem lofa útiaðstöðuna og umhverfið.

Aftur er rætt við starfsmann Helgafells, nú undir berum himni, um milt veðurlag á svæðinu og lækningaráhrif stöðuvatns sem staðsett er í nágrenninu. Því næst er talað við íslenskan karlmann sem leigir íbúð á svæðinu og lætur hann vel af dvölinni á Spáni. Fram kemur í máli þáttastjórnanda að leiguverð sé sanngjarnt og á að giska helmingi lægra en leiguverð á Íslandi.

Auðkennt kynningarefni:

Í seinni hluta þáttarins birtist orðið KYNNING aftur á skjánum á mínútu 14.20 og er sýnilegt þar í sex mínútur. Á þessum sex mínútum er rætt við starfsmann Helgafells um íbúðakjarnann, skipan íbúða í húsinu og nánasta umhverfi og þjónustu. Viðtalið er að þessu sinni tekið við sundlaugarbakka og brotið upp með myndskeiðum af íbúðunum. Því næst sjást konurnar tvær á akstri um nágrennið, þar sem þær lýsa því hversu auðvelt sé að komast leiðar sinnar í matvörubúðir. Fjallað er um að verðlag á Spáni sé um þriðjungur af því sem þekkist á Íslandi og um þorp og áhugaverðar minjar í nágrenninu.

Efni sem ekki er auðkennt sem kynningarefni:

Orðið „KYNNING“ hverfur af skjánum þegar sex mínútur eru liðnar af seinni hluta þáttarins. Þá tekur við efni sem ekki er sérstaklega auðkennt sem kynningarefni.

Rætt er við starfsmann Helgafells um heilbrigðisþjónustuna á Spáni og hvernig aðkomufólk geti nýtt sér hana. Segir starfsmaðurinn frá því að á Spáni sé alltaf hægt að fá tíma samdægurs á heilsugæslu, hvort sem um er að ræða gesti eða fólk með lögheimili á Spáni, auk þess sem fólk greiði ekki fyrir heimsóknir á heilsugæslu. Því næst er farið yfir tannlæknaþjónustu og að hún sé jafn góð og öflug og heima, þarna starfi skandinavískir tannlæknar og verð sé lágt. „Þannig að almenna reglan er þessi, að heilbrigðisþjónusta hérna á Spáni, hún er öflug, góð og svona helmingi ódýrari en heima, ef hún kostar þá eitthvað,“ segir þáttastjórnandi undir lok umrædds dagskrárluta.

Aftur er rætt við íslenskan mann sem leigir íbúð í íbúðakjarninum um lífið á Spáni. Á meðan eru sýnd myndskeið af vefsíðu Helgafells og vörumerki Helgafells á framhlið hússins.

Þættinum lýkur á því að þáttastjórnandi fer í golf og konurnar tvær lofa staðinn og lýsa því yfir að þær myndu vilja verja ellinni þar.

Í lok þáttar eða á 27:00 mínútu birtist borði neðst á skjánum þess efnis að nánari upplýsingar megi nálgast á tilteknum vef- og netföngum, sem tilheyra fasteignasölunni Helgafelli. Borðinn er sýnilegur á skjánum í 10 sekúndur. Ekki er um að ræða þann hluta þáttarins sem auðkenndur er „KYNNING“. Þá kemur fram í kreditlista í lok þáttar að hann hafi verið unninn í samstarfi við Olav-forum ehf. og að nánari upplýsingar megi nálgast í gegnum netfangið [hola@euroeignir.com].

4. Efnistöð sjónvarpsþáttanna *Allt annað líf*

Í þáttunum *Allt annað líf* sem sýndir voru á Hringbraut 10. og 17. mars 2020 var fjallað um lýta- og magaminnkunaraðgerðir á læknastöðinni KCM Clinic, sem er staðsett í bænum Jelenia Góra í Póllandi. Þættirnir voru ekki afhentir Fjölmiðlanefnd og hafa verið fjarlægðir af vef Hringbrautar. Þeir eru þó aðgengilegir, ýmist að hluta eða í heild á YouTube- og Facebook-síðum HEI Medical Travel. Hvor þáttur er um 26 mínútur að lengd.

Í báðum þáttum er fjallað um heilsuferðir Íslendinga á vegum HEI Medical Travel, til Jelenia Góra í Póllandi og rætt við Íslendinga sem hafa farið í magaminnkunar- og svuntuaðgerðir á læknastöðinni KCM Clinic. HEI Medical Travel er íslenskt fyrirtæki sem gerði framangreindan samning við Hringbraut um gerð þáttanna. Sögð er saga íslensks manns og reynsla hans af því að fara í magaminnkunar- og svuntuaðgerð hjá KCM Clinic í Póllandi rakin. Í seinni þættinum er saga íslenskrar konu einnig rakin og reynsla hennar af því að fara í magaminnkunar- og svuntuaðgerðir í Póllandi. Af upplýsingum á vef HEI Medical Travel má ráða að konan sé starfsmaður fyrirtækisins þótt þess sé ekki getið í þáttunum.

Allt annað líf: Fyrri þáttur

Í upphafi þáttar er upplýst að viðmælandi hans hafi misst tæp 65 kíló á þrettán mánuðum eftir magaminnkunar- og svuntuaðgerð og hafi hún haft afar jákvæð áhrif á líf hans og lífsgæði.

Fjallað er um læknastöðina KCM Clinic, saga hennar rakin og rætt við forstöðumenn hennar, mæðginin Philip Pasler og Moniku Mikulicz-Pasler. Fram kemur að Monika sé þýskmenntaður læknir sem hafi stofnað lækna- og svuntuaðgerðir fyrir hálfum öðrum áratug og frá upphafi lagt sérstaka áherslu á magaminnkunar- og fegrunaraðgerðir. Í viðtali við hana er lögð áhersla á að engar kvartanir hafi borist vegna þjónustunnar, auk þess sem fram kemur að læknar á læknastöðinni séu mikið menntaðir og reyndir á sínu sviði.

Á mínútu 9:18 er framkvæmdastjórinn spurður sérstaklega út í vöruframboð, með setningunni *What do you offer here?* (Hvað bjóðið þið upp á hér?). Greinir hann frá því að boðið sé upp á sérhæfðar aðgerðir, magaminnkunar- og svuntuaðgerðir, lýtaaðgerðir, aðgerðir á mænu og

bæklunarskurðaðgerðir en einungis aðgerðir með „tiltölulega litlu inngrípi“, svo að sjúklingurinn staldri stutt við á spítalanum. Fram kemur að læknar séu mjög sérhæfðir á sínu sviði og að meirihluti viðskiptavina sé frá Íslandi. Í myndskaiði á mínútu 10:20 sést vörumerki og veffang KCM Clinic í nærmynd í nokkrar sekúndur.

Allt annað líf: Seinni þáttur

Í seinni þættinum heldur umfjöllun um læknastöðina KCM Clinic áfram. Fram kemur að 800 manns utan úr heimi leiti sér lækninga á læknastöðinni á ári hverju, þar af um 200 Íslendingar eða um 20 í hverjum mánuði. Í þættinum er rætt við fleiri starfsmenn KCM Clinic og starfsmenn HEI Medical Travel. Farið er yfir undirbúning magaminnkunaraðgerða og eftirmála þeirra í viðtölum við lækna Ewelina Chuczak og Andrew Budzynski. Þá er rætt við Sigrúnu Lilju Guðjónsdóttur, sem starfar sem deildarstjóri fegrunaraðgerða samkvæmt upplýsingum á vef HEI Medical Travel, um jákvæð áhrif magaminnkunaraðgerða á líf viðskiptavina fyrirtækisins. Einnig er rætt við Guðjón Sigurbjartsson, framkvæmdastjóra HEI Medical travel. Í þættinum er íslenskum viðskiptavini KCM Clinic fylgt eftir þar sem hann fer í svokallaða svuntuaðgerð til að fjarlægja aukahúð af kvið, auk þess sem rætt er við hann eftir heimkomuna. Í þættinum er einnig rætt við íslenska konu um reynslu hennar af því að fara í magaminnkunaraðgerð í Póllandi. Á vef HEI Medical Travel kemur fram að konan starfi hjá HEI Medical Travel sem fararstjóri og tengiliður í hópferðum til KCM í Póllandi. Fram kemur að aðgerðin hafi haft afar jákvæð áhrif á heilsu, sjálfsmynd og lífsgæði beggja viðmælenda. Umfjöllunin er almennt á jákvæðum nótum en vikið er að því í viðtali við Kristínu að aðgerðir sem þessar geti sætt gagnrýni, sérstaklega í litlum bæjarfélögum. Spurd út í viðbrögð við gagnrýnisröddum sagðist konan kannast við þær en láti þær ekkert á sig fá.

Þess virðist ekki hafa verið getið í þáttunum að efni þeirra væri kostað eða með öðrum hætti gefið til kynna að um viðskiptaboð væri að ræða og var það staðfest í bréfum Torgs f.h. Hringbrautar-Fjölmiðla til Fjölmiðlanefndar 28. apríl og 13. september sl.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Á fundum Fjölmiðlanefndar 12. febrúar og 16. mars 2021 var samþykkt að óska eftir upplýsingum og sjónarmiðum Torgs ehf. (hér eftir Torg), móðurfélags Hringbrautar-Fjölmiðla, vegna framangreinds.

Beiðni Fjölmiðlanefndar um sjónarmið og upplýsingar Hringbrautar-Fjölmiðla, vegna þáttarins *Einfalt eldast*, var sett fram 16. febrúar 2021 og var þess óskað að svör Hringbrautar-Fjölmiðla bærust eigi síðar en 2. mars sl. Beiðni Fjölmiðlanefndar um sjónarmið og upplýsingar Hringbrautar-Fjölmiðla, vegna þáttanna *Allt annað líf*, var sett fram 23. mars 2021 og var þess óskað að svör bærust eigi síðar en 9. apríl sl.

Í báðum bréfum Fjölmiðlanefndar var óskað eftir upplýsingum um það hvort umræddir þættir hefðu verið unnir á viðskiptalegum forsendum og hvort þeim hefði verið miðlað á Hringbraut gegn greiðslu, líkt og framangreind skjöl bæru með sér. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um það hvort þættirnir hefðu verið merktir sem auglýsing eða með öðrum hætti gefið til kynna að um viðskiptaboð væri að ræða. Þá var óskað eftir upplýsingum um lengd þáttanna og sýningartíma. Fram kom að miðlun þáttanna kynni að fara í bága við ákvæði laga um fjölmiðla sem kveða á um bann við duldu auglýsingum, sbr. 2. mgr. 37. gr., og um leyfilegt hlutfall viðskiptaboða innan klukkustundar, sbr. 2. mgr. 41. gr., og var óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum Torgs f.h. Hringbrautar-Fjölmiðla vegna þess.

2.

Í bréfi Torgs f.h. Hringbrautar-Fjölmiðla, sem barst Fjölmiðlanefnd 10. mars 2021, var svarað fyrirspurn Fjölmiðlanefndar um sýningu þáttanna *Einfalt að eldast* á Hringbraut þann 22. október 2019.

Í bréfinu var upplýst að gengið hafi verið frá samningi við fyrirtækið Olav forum ehf. um framleiðslu á sjónvarpsþætti, ásamt skjáauglýsingum á Hringbraut. Þátturinn hafi verið sýndur á Hringbraut og merktur að hluta til sem kynning. Ekki hafi allur þátturinn verið í kynningarformi, heldur hafi hann einnig innihaldið efni sem flokkist ekki undir kynningarstarfsemi. Greitt hafi verið fyrir framleiðslukostnað [...]² kr., auk vsk. Í bréfinu sagði:

Það skal tekið fram að aldrei var lagt upp með að svíkja eldra fólk heldur kynna fyrir fólki, þá sérstaklega eldri hópum, þennan möguleika sem Helgafell hefur upp á að bjóða. Við máttum það svo að efni sem flokkast sem kynningarefni sé ekki lengra en 12 mínútur af viðkomandi þætti, sem er 26 mínútur að lengd. Þetta sést ef þátturinn er skoðaður. Því lítum við svo á að við höfum ekki farið fram yfir 12 mínútna tímaramma sem kynningar þurfa að sæta.

Í lok bréfsins kom fram að Torg hafi tekið yfir rekstur Hringbrautar-Fjölmiðla.

² Trúnaðar verður gætt um fjárhæðir í skjali þessu og fjárhagslegar upplýsingar fjarlægðar fyrir birtingu ákvörðunar.

3.

Með bréfi Torgs dags. 28. apríl 2021 bárust svör við fyrirspurn Fjölmiðlanefndar um þættina *Allt annað líf*, sem sýndir voru á Hringbraut 10. og 17. mars 2020. Í því var tekið fram að svarið væri ekki sett fram í nafni Torgs, þar sem Torg sem lögaðili væri ekki aðili málsins, heldur Sjónvarpsstöðin Hringbraut ehf., kt. 690416-3600.³ Í svarinu voru eigendaskipti að félaginu Hringbraut-Fjölmiðlar rakin. Kom þar fram að Torg hafi keypt Hringbraut-Fjölmiðla með kaupsamningi 18. október 2019. Samkeppniseftirlitið hafi samþykkt kaupin endanlega 22. nóvember 2019 og hafi reksturinn verið yfirtekinn 1. desember það ár. Samningur um sýningu þáttanna *Allt annað líf* hafi verið gerður viku eftir kaupin en nokkrum vikum áður en samningurinn kom til framkvæmda. Hafi félögin Hringbraut-Fjölmiðlar og Torg ekki verið sameinuð að félagarétti.

Upplýst var í svari Torgs f.h. Hringbrautar-Fjölmiðla að umrædd gögn úr starfsemi Hringbrautar-Fjölmiðla væru talin stafa frá tilteknum einstaklingi, fyrrverandi starfsmanni Hringbrautar. Fram kom að Torg teldi engan vafa á því að umræddur einstaklingur hefði tekið gögnin ófrjálsri hendi og komið þeim áfram til Fjölmiðlanefndar. Fyrir héraðsdómi væri nú rekið dómsmál hans vegna vangoldinna launa, sem Torg teldi ekki eiga rétt á sér.

Varðandi þær spurningar sem fram komu í fyrirspurn Fjölmiðlanefndar sagði í bréfi Torgs f.h. Hringbrautar-Fjölmiðla að, eins og fram hafi komið í samningnum, hafi tilgreindir þættir verið unnir. Ritstjórn hafi alfarið verið í höndum Sigmundar Ernis Rúnarssonar, starfsmanns Hringbrautar-Fjölmiðla, sem hafi verið ábyrgðarmaður við upptöku þáttanna og við eftirvinnslu þeirra. Eins og gæfi að skilja verði mikið efni til við gerð slíkra þátta og hafi það efni orðið eign HEI gegn greiðslu að fjárhæð [...] kr., auk þess sem HEI hafi greitt fyrir ferða- og upphaldskostnað í Póllandi. Hafi hlutverk HEI verið meðframleiðsla þáttanna.

Fram kom í bréfinu að Hringbraut-Fjölmiðlar teldu að ekki væri um viðskiptaboð eða auglýsingu að ræða og að því hafi þættirnir ekki verið merktir sem viðskiptaboð. Lengd þáttanna hafi verið 26 mínútur og hafi þeir verið sýndir á sjónvarpsstöðinni Hringbraut haustið 2019.

4.

Fjölmiðlanefnd sendi Hringbraut-Fjölmiðlum, í eigu Torgs, frummat sitt í málinu dags. 9. júní 2021. Fram kom að með frummatinu vildi nefndin gefa Hringbraut-Fjölmiðlum færi á að koma upplýsingum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanlegt brot gegn 2. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla. Var þess óskað að

³ Þar sem félagið Hringbraut-Fjölmiðlar ehf. er skráð með umrædda kennitölu hjá Fjölmiðlanefnd og Fyrirtækjaskrá verður þó áfram vísað til þess nafns í frummati þessu.

⁴ Trúnaðar verður gætt um fjárhæðir í skjali þessu og fjárhagslegar upplýsingar fjarlægðar fyrir birtingu ákvörðunar.

athugasemdir og sjónarmið Hringbrautar-Fjölmiðla bærust nefndinni eigi síðar en miðvikudaginn 23. júní 2021.

Svör Torgs bárust með bréfi dags. 10. ágúst 2021 og komu þar fram sjónarmið Hringbrautar fjölmiðla í málinu. Fram kom að um væri að ræða samninga sem gerðir hafi verið áður en sjónvarpsstöðin Hringbraut komst í eigu Torgs og séu þeir því frá fyrri tíð. Slíkir samningar séu ekki lengur gerðir af hálfu Hringbrautar. Hafi þeim samningum sem Fjölmiðlanefnd hafi undir höndum að öllum líkindum verið komið nafnlaust til nefndarinnar af hálfu fyrrverandi starfsmanns sem standi nú í málaferlum við félagið vegna starfsloka sinna. Einnig kom fram að Hringbraut-Fjölmiðlar teldu það skipta máli við niðurstöðu málsins að þættirnir hafi verið merktir sem kynning. Um hafi verið að ræða framleitt efni, þar sem viðfangsefnið hafi að ákveðnu leyti staðið straum af gerð efnisins. Hins vegar fallist Torg ehf. ekki á að um eina, samfellda auglýsingu hafi verið að ræða. Torg, eigandi Hringbrautar í dag, leggi mikla áherslu á að farið sé að lögum í starfsemi félagsins. Þar sem um sé að ræða mál sem tilheyri fortíðinni óski Torg eftir viðræðum við Fjölmiðlanefnd um lúkningu málsins.

Fjallað var um beiðni Torgs f.h. Hringbrautar-Fjölmiðla á fundi Fjölmiðlanefndar 11. ágúst 2021. Taldi nefndin að, að því leyti sem skilja mætti erindi Torgs sem beiðni um sátt í málinu, á grundvelli 52. gr. b laga um fjölmiðla, að lagalegar forsendur fyrir því að fallast á sáttarbeiðni, væru ekki fyrir hendi. Í því ljósi var samþykkt að veita Torgi tveggja vikna viðbótarfrest til andsvara við frummati nefndarinnar.

Seinni svör Hringbrautar-Fjölmiðla við frummati Fjölmiðlanefndar bárust þann 13. september sl. Þar ítrekuðu Hringbraut-Fjölmiðlar fyrri sjónarmið sín í málinu. Fram kom að tekið hefði verið á því að slík atriði hentu ekki aftur í starfsemi félagsins. Teldu Hringbraut-Fjölmiðlar að virða bæri félaginu til tekna við meðferð málsins að orðið KYNNING hafi verið „sett á efnið sem fjallaði um leigumiðlun á Spáni“ en þar var vísað til þáttarins Einfalt að eldast sem fjallaði um vörur og þjónustu Helgafell Rentals. Væri það í samræmi við þær kröfur sem gerðar væru í 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Hvergi komi fram í tilgreindu lagaákvæði að slík merking þurfi að vera allan tímann sem efnið sé sýnt. Þá kom fram í svörum Hringbrautar-Fjölmiðla að umfjöllun um vörur og þjónustu KCM Clinic og HEI Medical Travel í þáttunum Allt annað líf í mars 2020 hefði átt að vera merkt með orðinu „kynning“. Loks sagði í svörum Hringbrautar-Fjölmiðla að miðað við hvernig málið væri vaxið væri sú krafa gerð að ekki verði beitt sektum í málinu.

III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

1.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem sé ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundi atvinnustarfsemi og sé miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Í 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla segir að viðskiptaboð skuli vera auðþekkjanleg sem slík og skýrt afmörkuð frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. sömu laga eru dulin viðskiptaboð óheimil. Dulin viðskiptaorðsending, samkvæmt 6. tölul. 1 mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla, er *kynning í máli eða myndum á vörum, þjónustu, heiti, vörumerki eða starfsemi aðila sem framleiðir vöru eða veitir þjónustu í dagskrárliðum þegar slík kynning er til þess ætluð af hálfu fjölmiðlaþjónustuveitanda að þjóna auglýsingamarkmiðum og gæti villt um fyrir neytendum að því er eðli hennar varðar.*

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir m.a um 37. gr. laganna að aðgreining viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa frá því efni sem lýtur ritstjórnarábyrgð viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda sé grundvallarþáttur í neytendavernd á fjölmiðlamarkaði. Þá segir jafnframt að gera verði þá fortakslausu kröfu til fjölmiðlaþjónustuveitanda að þeir tryggi að neytendum sé ljóst hvenær um viðskiptaorðsendingar er að ræða.

Þá er viðskiptaboðum markaður ákveðinn tímarammi samkvæmt núgildandi lögum um fjölmiðla. Fram kemur í 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla að hlutfall auglýsinga og fjarkaupainnskota innan hvernar klukkustundar skuli ekki fara yfir 20% eða tólf mínútur.

2.

Einfalt að eldast

Þátturinn *Einfalt að eldast* virðist að hluta hafa verið einkenndur sem viðskiptaboð við útsendingu hans í sjónvarpi, nánar tiltekið fyrstu sex mínútur fyrri hluta þáttarins og fyrstu sex mínútur seinni hlutar hans, alls 12 mínútur. Af því, og svari Hringbrautar-Fjölmiðla til Fjölmiðlanefndar 10. mars sl., má ráða að Hringbraut-Fjölmiðlar telji að einungis tvö sex mínútna innsög í sjónvarpsþættinum falli undir hugtakið viðskiptaboð en að annað efni

þáttarins falli utan þess hugtaks. Þá hafa Hringbraut-Fjölmiðlar staðfest að myndefnið hafi verið unnið gegn greiðslu frá Olav-forum ehf.

Að mati Fjölmiðlanefndar bar allt efni þáttarins þess merki að honum væri ætlað að þjóna auglýsingamarkmiðum og skapa jákvæða ímynd af vörum og þjónustu Helgafell Rentals, í eigu Olav-forum ehf., á Spáni, þ.e. leiguíbúðakjarna sem rekin er af fyrirtækinu, nánasta umhverfi hans og þeim auknu lífsgæðum sem í því kunna að felast að flytjast til Spánar og leigja þar húsnæði á efri árum. Í 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla segir að viðskiptaboð skuli vera auðþekkjanleg sem slík og vera skýrt afmörkuð frá öðru efni. Merking sem tilgreinir að um viðskiptaboð sé að ræða tvisvar sinnum, og birtist í sex mínútur í senn, í 28 mínútna heildstæðum þætti getur vart talist uppfylla ákvæði laga um skýrt afmörkuð og auðþek kjanleg viðskiptaboð.

Fjölmiðlanefnd telur ekki unnt að fallast á þau sjónarmið Hringbrautar-Fjölmiðla að einungis hluti þáttanna teljist viðskiptaboð, enda hefur fjölmiðlaveitan ekki fært fram haldbær rök því sjónarmiði til stuðnings. Líta verði heildstætt á innihald og efnistöð þáttanna. Þættirnir hafi í heild sinni verið unnir á viðskiptalegum forsendum og allt efni þeirra verið til þess ætlað að þjóna auglýsingamarkmiðum.

Því er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að þátturinn *Einfalt að eldast*, sem sýndur var á sjónvarpstöðinni Hringbraut 22. október 2019, teljist í heild sinni til viðskiptaboða sem ekki hafi að öllu leyti verið skýrt afmörkuð frá ritstjórnarefni með viðeigandi merkingum, líkt og áskilið er í 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Hafi Hringbraut-Fjölmiðlar brotið gegn 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með miðlun þeirra viðskiptaboða sem ekki voru skýrlega auðkennd í þættinum.

3.

Allt annað líf

Þess var ekki getið í þáttunum *Allt annað líf* að efni þeirra væri kostað eða með öðrum hætti gefið til kynna að um viðskiptaboð væri að ræða, eins og staðfest var í svari Hringbrautar-Fjölmiðla til Fjölmiðlanefndar, dags. 28. apríl 2021. Kom þar fram að Hringbraut-Fjölmiðlar teldu þættina ekki falla undir hugtakið viðskiptaboð eða auglýsingu og hafi þeir því ekki verið merktir sem slíkir. Þá sagði í bréfinu að lengd þáttanna hefði verið 26 mínútur og hafi þeir verið sýndir á sjónvarpsstöðinni Hringbraut haustið 2019. Virðist þar gæta misskilnings, þar sem að umræddir þættir voru sýndir á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í mars 2020. Í bréfinu staðfesta Hringbraut-Fjölmiðlar að fjölmiðlaveitan hafi þegið greiðslu frá HEI Medical Travel ehf. fyrir þættina.

Að mati Fjölmiðlanefndar bar allt efni þáttanna þess merki að þeim væri ætlað að þjóna auglýsingamarkmiðum og skapa jákvæða ímynd af vörum og þjónustu HEI Medical Travel og samstarfsaðila þess, KCM Clinic, þ.e. magaminnkunar- og fegrunaraðgerðum á vegum KCM Clinic í Póllandi sem HEI Medical Travel hefur milligöngu um. Fjölmiðlanefnd lítur svo á að þættirnir falli í heild sinni undir hugtakið viðskiptaboð. Þá staðfesti Torg með bréfi sínu dags. 13. september sl. að þættirnir hefðu átt að vera auðkenndir sem viðskiptaboð.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að umfjöllun um þjónustu á vegum KCM Clinic og HEI Medical Travel í þáttunum *Allt annað líf*, sem sýndir voru á sjónvarpstöðinni Hringbraut 10. og 17. mars 2020 teljist í heild sinni til viðskiptaboða sem ekki hafi verið skýrt afmörkuð frá ritstjórnarefni með viðeigandi merkingum, líkt og áskilið er í 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Með vísan til þess að þættirnir *Allt annað líf* voru ekki auðkenndir sem viðskiptaboð og afmarkaðir frá ritstjórnarefni er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að þeir teljist til dulinna viðskiptaboða og að Hringbraut-Fjölmiðlar hafi brotið gegn 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með miðlun þeirra á sjónvarpstöðinni Hringbraut.

4.

Auglýsingahlutfall innan klukkustundar

Með vísan til þeirrar niðurstöðu Fjölmiðlanefndar að þátturinn *Einfalt að eldast* og þættirnir *Allt annað líf*, falli í heild sinni undir hugtakið viðskiptaboð, sbr. skilgreiningu þess hugtaks í 20. lið 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla, er það jafnframt niðurstaða Fjölmiðlanefndar að hlutfall auglýsinga innan hvernar klukkustundar hafi farið yfir 20% þann 22. október 2019 og dagana 10. og 17. mars 2020 og að miðlun þáttanna á Hringbraut hafi þar með farið í bága við 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla

5.

Ábyrgð á efni

Með kaupum Torgs á Hringbraut-Fjölmiðlum haustið 2019 eignaðist Torg sjónvarpstöðina Hringbraut og samnefndan vefmiðil. Tilkynning um kaup Torgs ehf. á Hringbraut-Fjölmiðlum barst Samkeppniseftirlitinu 18. október 2019 og var samrunaaðilum veitt undanþága til að fá að framkvæma samrunann 25. október 2019.

Þátturinn *Einfalt að eldast* var sýndur 22. október 2019 á Hringbraut en þættirnir *Allt annað líf* voru sýndir 10. og 17. mars 2020 á Hringbraut. Sjónvarpstöðin Hringbraut var þá og er enn í eigu félagsins Hringbraut-Fjölmiðlar ehf., kt. 690416-3600, eins og staðfest var í tölvupósti

framkvæmdastjóra móðurfélagsins, Torgs, til Fjölmiðlanefndar 3. febrúar 2021. Ábyrgð vegna sýninga allra framangreindra þátta á Hringbraut hvílir því nú sem áður á lögaðilanum Hringbraut-Fjölmiðlum ehf., kt. 690416-3600.

Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum VI. kafla um viðskiptaboð og fjarkaup. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitna af broti þegar það á við. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Í slíku tilviki er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Hringbraut-Fjölmiðla ehf. í samræmi við n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 750.000 kr. vegna þáttarins *Einfalt að eldast* og 750.000 kr. vegna þáttanna *Allt annað líf*, alls 1.500.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af tekjum af broti og því að Hringbraut-Fjölmiðlar ehf. hafa áður brotið gegn 2. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla.

IV. Ákvörðunarorð

Hringbraut-Fjölmiðlar ehf. brutu gegn 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun dulinna viðskiptaboða fyrir vörur og þjónustu KCM Clinic og HEI Medical Travel í þáttunum *Allt annað líf* á sjónvarpsstöðinni Hringbraut 10. og 17. mars 2020.

Hringbraut-Fjölmiðlar ehf. brutu gegn 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun þeirra viðskiptaboða fyrir vörur og þjónustu Helgafell Rentals sem ekki voru skýrlega auðkennd í þættinum *Einfalt að eldast* á sjónvarpsstöðinni Hringbraut 22. október 2019.

Hringbraut-Fjölmiðlar ehf. brutu gegn 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með því að miðla sjónvarpsþáttum þar sem hlutfall auglýsinga innan hversrar klukkustundar fór yfir 20% í þættinum *Einfalt að eldast* þann 22. október 2019 á Hringbraut og í þáttunum *Allt annað líf* 10. og 17. mars 2020 á Hringbraut.

Hringbraut-Fjölmiðlar ehf. greiði 1.500.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Einar Hugji Bjarnason

Einar Hugji Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson

Róbert H. Haraldsson